

máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 271 frá 17. mars 2004 um veiðar úr úthafskarfa-
stofninum 2005, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. apríl 2005.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.

REGLUR

um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu.

I. KAFLI

Skráning og réttindi.

1. gr.

Aðilar sem heimildin nær til.

Einstaklingum eða lögaðilum sem staðfestu hafa innan Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar er heimilt að reka fjarskiptanet og/eða fjarskiptaþjónustu með eftirfarandi skilyrðum, enda tilkynni þeir Póst- og fjarskiptastofnun um fyrirhugaða starfsemi sína áður en hún hefst, sbr. 4. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003.

2. gr.

Lágmarksréttindi sem fylgja almennri heimild.

Fjarskiptaфиртæki sem hafa almenna heimild eiga rétt á að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu og að leggja fram umsóknir um heimild til að koma upp aðstöðu skv. 69. gr. laga nr. 81/2003.

Almenn heimild veitir fyrirtekjum sem bjóða eða hyggjast bjóða almenna fjarskiptaþjónustu og almenn fjarskiptanet rétt til að semja um samtengingu og þar sem það á við að fá aðgang að eða samtengingu við önnur fjarskiptaфиртæki.

Almenn heimild veitir sömuleiðis rétt til þess að koma til greina sem alþjónustuveitandi.

3. gr.

Tilkynning um fyrirhugaða starfsemi.

Tilkynning um fyrirhugaða starfsemi skal innihalda;

- nafn, kennitölu, starfsstöð, símanúmer, faxnúmer og netfang viðkomandi fjarskiptaфиртækis,
- nafn, kennitölu, og netfang fyrirvarsmanns fjarskiptaфиртækisins,
- greinargóða lýsingu á fyrirhugaðri starfsemi og fjarskiptavirkjum fyrirtekisins,
- nöfn þeirra sem eiga 5% hlut eða meira í fyrirtekinu,
- áætlaðan upphafstíma starfseminnar.

4. gr.

Skráning hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Fjarskiptafyrirtæki sem heimilt er að starfa á grundvelli almennrar heimildar má hefja starfsemi þegar fullnægjandi tilkynning hefur borist Póst- og fjarskiptastofnun.

Póst- og fjarskiptastofnun skal halda skrá yfir öll fjarskiptafyrirtæki sem hafa tilkynnt að þau muni starfa á grundvelli almennrar heimildar.

Að beiðni fjarskiptafyrirtækis skal Póst- og fjarskiptastofnun innan viku frá því að beiðni barst stofnuninni gefa út staðfestingu þess efnis að fyrirtækið hafi tilkynnt sig til skráningar. Staðfestingin skal innihalda tilvísun til lágmarksréttinda skv. 1. og 2. mgr. 2. gr.

II. KAFLI

Skilyrði.

5. gr.

Gjöld.

Til þess að standa straum af greiðslu fjárframlaga vegna alþjónustu skulu fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja fjarskiptanet eða þjónustu greiða gjald í jöfnunarsjóð í hlutfalli við veltu þessarar starfsemi. Um innheimtu og álagningarhlutfall fer eftir 22. gr. laga nr. 81/2003.

Um önnur gjöld sem fjarskiptafyrirtækjum ber að greiða til Póst- og fjarskiptastofnunar fer samkvæmt 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 og gjaldskrá Póst- og fjarskiptastofnunar.

6. gr.

Skylda til samtengingar.

Fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja almenn fjarskiptanet eða almenna fjarskiptaþjónustu ber skylda til að semja um samtengingu neta og þjónustu, sbr. 24. gr. laga nr. 81/2003.

Póst- og fjarskiptastofnun getur fyrirskipað samtengingu almennra fjarskiptaneta að eigin frumkvæði ef það er nauðsynlegt til að tryggja hagsmuni endanotenda.

Fjarskiptafyrirtæki skal senda Póst- og fjarskiptastofnun afrit af öllum samningum sem það gerir um samtengingu neta eigi síðar en viku frá undirritun samnings.

7. gr.

Neyðarhringingar.

Fjarskiptafyrirtæki sem starfrækja almenna talsímaþjónustu, farsímaþjónustu eða fjarskiptanet sem slík þjónusta er boðin á ber að tryggja að allir endanotendur sem tengdir eru þjónustunni eða netinu geti hringt án endurgjalds í neyðarnúmerið 112.

8. gr.

Númer og kóðar.

Fjarskiptafyrirtæki er einungis heimilt að nota númer og númeraraðir sem Póst- og fjarskiptastofnun úthlutar því í samræmi við IV. kafla laga nr. 81/2003 og reglur sem stofnunin setur.

Fjarskiptafyrirtæki skal úthluta áskrifendum númerum úr þeim númeraröðum sem það hefur til úthlutunar en skal þó taka tillit til óska áskrifenda varðandi val á númerum.

Fjarskiptafyrirtæki sem býður almenna talsímaþjónustu eða farsímaþjónustu skal tryggja að öllum fyrirspurnum um símanúmer áskrifenda þess sé svarað allan sólarhringinn alla daga vikunnar. Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að allir notendur þess hafi aðgang að upplýsingaþjónustunni.

Fjarskiptafyrirtæki skal ekki hindra að áskrifendur þess eigi aðgang að upplýsingaþjónustu í öðrum fjarskiptanetum og ber að tryggja aðgang þeirra að upplýsingaþjónustu um öll símanúmer sem rekin er sem hluti af alþjónustu.

Fjarskiptafyrirtæki skal verða við öllum eðlilegum beiðnum um að láta í té símaskrár-upplýsingar skv. 4. mgr. 45. gr. laga nr. 81/2003.

9. gr.

Umhverfisvernd og sameiginleg afnot.

Fjarskiptafyrirtæki skulu ávallt haga gerð fjarskiptavirkja á þann hátt að þau hafi sem minnst áhrif á umhverfi.

Í þeim tilfellum sem fjarskiptafyrirtæki hefur rétt til að staðsetja fjarskiptavirki á afréttum, almenningi eða eignarlöndum skv. 69. gr. laga nr. 81/2003 eða getur tekið eign eignarnámi skv. 70. gr. sömu laga, getur Póst- og fjarskiptastofnun í samræmi við 25. gr. sömu laga ákveðið að fjarskiptafyrirtækið skuli veita öðrum fjarskiptafyrirtækjum aðgang að aðstöðu sinni á því svæði sem um ræðir ef það er tæknilega mögulegt.

Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um samnýtingu á aðstöðu í öðrum tilfellum vegna sérstakra landfræðilegra aðstæðna eða umhverfissjónarmiða.

10. gr.

Skylda til dreifingar útvarpsdagskrár.

Póst- og fjarskiptastofnun getur lagt á fjarskiptafyrirtæki skyldu til að flytja ákveðna útvarpsdagskrá í samræmi við ákvæði 55. gr. laga nr. 81/2003.

11. gr.

Skráning og meðferð upplýsinga.

Ekki skal nota upplýsingar um notendur í öðrum tilgangi en að skrá þá, veita þeim þjónustu og til reikningagerðar nema með skriflegu samþykki viðkomandi.

Skráning og vinnsla upplýsinga um notendur skal vera í samræmi við lög um Persónuvernd nr. 77/2000, IX. kafla laga nr. 81/2003 og í samræmi við reglugerð sem samgöngu-ráðherra er heimilað að setja skv. 4. mgr. 38. gr. laga nr. 81/2003.

12. gr.

Skilmálar og gjaldskrár.

Fjarskiptafyrirtæki skulu birta viðskiptaskilmála og gjaldskrár fyrir alla þjónustu sína á aðgengilegan hátt. Skilmálar skulu að lágmarki innihalda þau atriði sem talin eru upp í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 81/2003.

Áskrifendur á einstaklingsmarkaði eiga rétt á að gerður sé við þá samningur sem inniheldur að lágmarki þau atriði sem talin eru í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 81/2003.

Fjarskiptafyrirtæki skulu leggja fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun skilmála og gjaldskrár og breytingar á þeim, eigi síðar en við gildistöku þeirra.

Fjarskiptafyrirtæki skulu verða við öllum lögmætum beiðnum um áskrift að þjónustu sinni með sanngjörnum og jafnræðislegum hætti. Ekki skal neita aðila um að gerast áskrifandi nema lögmætar ástæður séu fyrir hendi. Fjarskiptafyrirtæki skulu útbúa þjónustusamning þar sem tiltekið er hvaða þjónusta verður veitt eða að öðrum kosti vísað í viðeigandi skilmála. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist breytinga á þjónustusamningi ef talið er að ákvæði hans samræmist ekki lögum og reglum.

Við reikningagerð skal hafa að markmiði að reikningsupphæðir séu eins nákvæmar og kostur er. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að reikningagerð sé gæðavottuð og mælitæki löggilt.

13. gr.

Upplýsingaskylda.

Fjarskiptafyrirtæki skulu verða við öllum kröfum Póst- og fjarskiptastofnunar um upplýsingar vegna eftirlits í samræmi við 5. gr. laga nr. 69/2003. Upplýsingarnar skal veita á því formi sem stofnunin óskar og innan þeirra tímamarka sem hún setur.

14. gr.

Hlerun og gagnaöflun.

Fjarskiptafyrirtæki skulu tryggja möguleika á löglegri hlerun og annarri löglegri gagnaöflun yfirvalda í fjarskiptanetum sínum.

15. gr.

Fjarskipti á hættuáttum.

Í þeim tilgangi að tryggja fjarskipti milli björgunarsveita og yfirvalda og útvarpssendingar til almennings þegar stórslys og hamfarir verða, skulu fjarskiptafyrirtæki í samræmi við 72. gr. laga nr. 81/2003 samkvæmt fyrirætlunum samgönguráðherra stöðva eða takmarka fjarskipti, leggja til fjarskiptavirki og fjarskiptaþjónustu í þágu björgunaraðgerða eða setja upp ný fjarskiptavirki.

16. gr.

Rafsegulgeislun.

Fjarskiptafyrirtæki skulu gera ráðstafanir til að halda í lágmarki áhættu almennings af rafsegulgeislun sem stafar frá fjarskiptanetum. Leitast skal við að staðsetja fjarskiptavirki þar sem almenningur verður fyrir sem minnstum áhrifum af slíkri geislun.

Fjarskiptafyrirtæki skulu fara eftir fyrirætlunum og reglum sem stjórnvöld kunna að setja varðandi rafsegulgeislun þ.m.t. að fylgt sé ákveðnum stöðlum.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum í reglum eða viðeigandi stöðlum skal fjarskiptafyrirtæki bæta úr því ástandi án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis. Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal það fyrirtæki sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu eða hætta notkun búnaðar.

17. gr.

Heildstæði og rekstraröryggi neta.

Fyrirtæki sem bjóða almenna talsímaþjónustu skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem miða að því að almenna talsímanetið og almenna talsímaþjónustan, þ.m.t. neyðarþjónusta, rofni ekki. Póst- og fjarskiptastofnun getur krafist þess að fjarskiptafyrirtæki sem ber að veita alþjónustu geri áætlun um viðbrögð við hættuástandi. Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að mæla fyrir um öryggisráðstafanir sem alþjónustuveitandi skal gera til þess að tryggja órofna starfsemi talsímanetsins. Slík fyrirætlun geta m.a. kveðið á um notkun varasambanda og annars varabúnaðar og tryggðan lágmarksuppitíma netsins. Póst- og fjarskiptastofnun getur mælt fyrir um að ákveðin símanúmer njóti forgangs ef hættuástand skapast.

Fjarskiptafyrirtæki sem reka talsíma- eða gagnaflutningssambönd til útlanda skulu nota til þess fleiri en eina leið og skulu fyrirtækin gera ráðstafanir til þess að flytja talsíma- og gagnaflutningsþjónustu við útlönd af bilaðri eða rofinni leið yfir á aðra nothæfa leið innan tímamarka sem stofnunin setur. Notendum skal gerð grein fyrir varaleiðum og tímamörkum sem fjarskiptafyrirtæki býður.

Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að fjarskiptavirki í umráðum þess valdi ekki skaðlegum truflunum á öðrum löglegum kerfum.

Fjarskiptafyrirtæki ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um þær truflanir sem því eru kunnar hvort sem þær eru af völdum þess kerfis eða á því.

Póst- og fjarskiptastofnun getur gert kröfur um breytingar á fjarskiptavirkjum í því skyni að girða fyrir vanda vegna truflana. Fjarskiptafyrirtæki skal fyrir eigin reikning hlíta fyrir-mælum Póst- og fjarskiptastofnunar um að bæta úr truflavanda sem stafar af fjarskipta-kerfum þess.

Póst- og fjarskiptastofnun getur látið innsigla fjarskiptavirki, sem valda alvarlegum truflunum eða bannað notkun þeirra sbr. 64. gr. laga nr. 81/2003.

18. gr.

Leynd og vernd fjarskipta.

Fjarskiptafyrirtæki skal tryggja að leyndar sé gætt í fjarskiptum í samræmi við viðkomandi löggjöf.

Fjarskiptafyrirtæki skal kynna starfsmönnum sínum þær reglur sem gilda um leynd og vernd fjarskipta.

Fjarskiptafyrirtæki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja öryggi almennrar fjarskiptaþjónustu og almennra fjarskiptaneta sem þau reka og verja þau gegn ólögmetum aðgangi. Ef sérstök hættu er á að leynd fjarskipta á tilteknu neti verði rofin skal þjónustu-veitandinn upplýsa notendur um hættuna.

19. gr.

Notkun tíðna.

Almennt gildir að uppsetning hvers konar radiósenda sem eru leyfissskyldir, samkvæmt lögum og reglum, er háð sérstöku leyfi sem Póst- og fjarskiptastofnun veitir að fenginni umsókn frá fjarskiptafyrirtæki. Í umsóknum skal tilgreina allar breytur fyrir viðkomandi radiósendi þ.m.t. staðsetningu, tegund og hæð loftnets, sendistyrk og ráðgerða notkun. Fjarskiptafyrirtæki skal einungis nota þær tíðnir sem það hefur fengið úthlutað hjá Póst- og fjarskiptastofnun.

Ef fjarskiptanet er eingöngu starfrækt á opnu tíðnisviði (t.d. 2,4 GHz) er ekki þörf á útgáfu sérstaks leyfisbréfs fyrir tíðnir eða radiósenda. Allur búnaður slíks fjarskiptanets skal vera í samræmi við tilmæli CEPT REC T/R 70-03 (Annex 3).

20. gr.

Tæknikröfur.

Tækjabúnaður almennra fjarskiptaneta skal að jafnaði vera í samræmi við tæknistaðla sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu, sér í lagi staðla og tæknilýsingar sem eru á lista framkvæmdastjórnar ESB sem birtur er á grundvelli 17. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/21/EB. Póst- og fjarskiptastofnun getur í sérstökum tilvikum mælt fyrir um notkun annarra staðla, svö og tilmæla frá Alþjóðafjarskiptasambandinu.

Allir radiósendar skulu vera í samræmi við tilskipun 99/5/EB og bera CE merki því til staðfestingar.

Tæknilegir eiginleikar í nettengipunktum skulu ávallt vera í samræmi við staðla. Fjarskiptafyrirtæki sem reka almenn fjarskiptanet skulu birta opinberlega upplýsingar um tækni-lega eiginleika í nettengipunktum.

21. gr.

Efnahagur fjarskiptafyrirtækja.

Eigendum fjarskiptafyrirtækis með umtalsverða markaðshlutdeild er óheimilt að rýra efnahag fyrirtækisins eða gera aðrar óvenjulegar ráðstafanir sem draga verulega úr möguleikum til að uppfylla skyldur samkvæmt lögum nr. 81/2003.

Fjarskiptafyrirtæki ber að tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun með hæfilegum fyrirvara um fyrirhugaða ráðstöfun eigna sem notaðar eru til að uppfylla skyldur fyrirtækisins, sem og aðrar ráðstafanir sem hugsanlega geta dregið úr möguleikum þess til að uppfylla skyldur sínar.

Telji Póst- og fjarskiptastofnun vafa leika á um hvort fyrirhuguð ráðstöfun fjarskiptafyrirtækis samrýmist ákvæðum þessarar greinar getur hún krafist þess að fyrirtækið fresti viðkomandi ráðstöfun um allt að einn mánuð á meðan stofnunin leggur mat á hana.

Póst- og fjarskiptastofnun skal kynna fjarskiptafyrirtæki afstöðu sína til fyrirhugaðrar ráðstöfunar innan þess frests sem ákveðinn er skv. 3. mgr. Telji Póst- og fjarskiptastofnun að fyrirhuguð ráðstöfun muni brjóta í bága við ákvæði þessarar greinar er fyrirtækinu eða eigendum þess óheimilt að framkvæma hana.

22. gr.

Álagning annarra skilyrða og kvaða.

Póst- og fjarskiptastofnun er heimilt að leggja sérstakar kvaðir á fyrirtæki sem reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu, í samræmi við V. og VII. kafla laga nr. 81/2003 varðandi aðgang og samtengingu og í samræmi við VI. kafla sömu laga varðandi alþjónustu.

Póst- og fjarskiptastofnun getur sett fyrirtækjum sérstök skilyrði, skv. 10. gr. laga nr. 81/2003, fyrir notkun númera og fyrir notkun tíðna sem háð er einstakri úthlutun.

III. KAFLI

Almenn ákvæði.

23. gr.

Breytingar á skilyrðum.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem vegna breytinga á löggjöf, er Póst- og fjarskiptastofnun í undantekningartilvikum heimilt að breyta skilyrðum almennra heimilda. Breytingar skulu kynntar hagsmunaaðilum, þ.m.t. notendum, með hæfilegum fyrirvara sem þó skal ekki vera styttri en einn mánuður.

24. gr.

Viðurlög.

Brjótí fjarskiptafyrirtæki gegn skilyrðum almennra heimilda getur Póst- og fjarskiptastofnun lagt á það dagsektir skv. 12. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 69/2003 og 74. gr., sbr. 73. gr. laga nr. 81/2003.

Við alvarleg og endurtekin brot getur stofnunin stöðvað rekstur fjarskiptanets eða fjarskiptaþjónustu skv. 74. gr. laga nr. 81/2003 og 5. gr. laga nr. 69/2003.

25. gr.

Lög.

Um rekstur fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu gilda að öðru leyti lög nr. 81/2003 og lög nr. 69/2003, ásamt reglum og reglugerðum settum samkvæmt þeim eftir því sem við á.

26. gr.

Varnarþing.

Varnarþing vegna almennra heimilda til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu skal vera í Reykjavík.

27. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 81/2003, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi reglur um almenna heimild til að reka fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu nr. 86/2002.

Póst- og fjarskiptastofnun, 4. apríl 2005.

Hrafnkell V. Gíslason.

Sigurjón Ingvason.